



Fundargerð

468. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, miðvikudaginn 15. desember 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arndís Jóhanna Harðardóttir, Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Jón Hrafn Karlsson og Sandra Brá Jóhannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 10 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum verður einnig streymt á Youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=pVjysi7UD1Q>

Bjarki Guðnason oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskrá bætist:

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

16. Samkomulag um skipti sameigenda jarðarinnar Kirkjubæjarklaustur landnr. 163393
Dagskrárbreyting samþykkt

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi:

12. nóvember 1. vinnustofa heimsmarkmiða SP - stuðningsverkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

16. nóvember stjórnfundur Bergrisans

17. nóvember stöðufundur hjá vinnuhópi um Stafrænt Suðurland

23. nóvember Stefnumarkandi innleiðing heimsmarkmiða SP og aðgerðaráætlanir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

23. - 26. nóvember vinnufundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags 2020-2032

24. nóvember Málstofa um innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

24. nóvember aðalfundur Bergrisans bs

29. nóvember fundur starfshóps á vegum SASS til að bæta upplýsingaflæði til þeirra sveitarfélaga sem ekki eiga aðild að stjórn

3. desember fundur með Mýrdalshreppi, sveitarfélaginu Hornafirði og Environice vegna undirbúnings svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs

3. desember stöðufundur Stafræns Suðurlands

6. desember fundur með almannavöðum og sérfræðingum náttúruvár vegna hugsanlegs goss í Grímsvötnum

6. desember Félagsfundur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu varðandi nýjan stjórnarsáttmála og fjárlagafrumvarp

7. desember fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna stuðningsverkefna fyrir innleiðingu svf á heimsmarkmiðum SP

7. desember vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar

8. desember fundur með ráðuneytisstjóra samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Vegamálstjóra og Hreiðari Hermannssyni vegna vegamála að Orustustöðum

8. desember íbúafundur vegna fjárhagsáætlunar 2022-2025 og meðhöndlun úrgangs

Handwritten notes in blue ink:
Sveitarstjóri
Höfn



- 9. desember fundur með endurskoðendum vegna undirbúnings uppgjors 2021
- 13. desember fræðslu- og kynningarfundur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um nýja skipan barnaverndar
- 13. desember fundur í almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
- 14. desember fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna stuðningsverkefna fyrir innleiðingu svf á heimsmarkmiðum SP
- 14. desember stjórnarfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
- 14. desember vinnufundur sveitarstjórnar vegna vinnslutillögu um endurskoðað aðalskipulag Skaftárhrepps
- 15. desember stjórnarfundur Eldvilja ehf.

Fundargerðir til samþykktar

- 1. 2112005F - Rekstrarnefnd - 134
 - 1.1 2112019 - 1. Fjárhagsáætlun 2022 til kynningar og staðfestingar

Niðurstaða Rekstrarnefnd - 134

Rekstrarnefnd samþykkir hana og vísar henni áfram til sveitarstjórnar til samþykkis

Áætlun Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir 46 þús.kr. rekstrarhalla. Rekstrartekjur verða um 265 millj.kr og gjöld um 266,6 millj.kr. Fjármunatekjur verði um 1,5 millj. Eignir verða um 79 millj.kr og þar af handbært fé 77,7 millj.kr. Eigið fé er áætlað 46,2 og skuldir og skuldbindingar 32,7 millj.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla fyrir árið 2022. Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra, hjúkrunarforstjóra og rekstrarnefnd fyrir undirbúning og vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir heimilið 2022.

- 1.2 2112018 - 4. Starfsmannamál

Niðurstaða Rekstrarnefnd - 134

Rekstrarnefnd mun auglýsa eftir hjúkrunarforstjóra í Desember. Huga þarf að tryggja húsnæði fyrir hjúkrunarforstjóra. Talsverð tímabundin undirmönnun er á heimilinu sökum veikinda og þeirra staðreyndar að illa gengur að ráða nýtt starfsfólk

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar Matthildi Pálsdóttir hjúkrunarforstjóra fyrir störf hennar í þágu Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og óskar henni velfarnaðar. Sveitarstjóra falið í samvinnu við rekstrarnefnd Klausturhóla að auglýsa eftir hjúkrunarforstjóra.

KEB
BSVC
HKA
HG19
124

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn



2. 2112003F - Skipulagsnefnd - 170.fundur
2.1 1608006 - Hemrumörk - Deiliskipulag

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt með uppfærðum áherslum frá ofangreindum umsagnaraðilum og fái málsmeferð skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.2 1901004 - Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri - Dsk breyting

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd frestur afgreiðslu málsins.
Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltúa að láta útfæra sniðmyndir sem sýna afstöðu húsa í hæð/landhæðir/götuhæðir við Skriðuvelli 12, 14, 15, 17, 19, 21 og 23 innbyrðis og við aðliggjandi hús svo sem við Skriðuvelli 9, 11 og 13. Jafnframt verði leitað lausna með vatnaveitingar milli lóða frá Kvinnaklifi. Jafnframt skoðað hvort deiliskipulagsbreyting hafi áhrif á þegar úthlutaðar lóðir.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.3 2109005 - Skriðuvellir 23 - Lóð skilað

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd þakkar eigendum Byggðabóls ehf fyrir erindið. Lóðin að Skriðuvöllum 23 verði auglýst ásamt öðrum lausum lóðum á Kirkjubæjarklaustri í framhaldinu.
Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að svara eigendum Byggðabóls ehf. í samræmi við umræðu fundarins.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- 2.4 1709023 - Fálkatindsból - Umsókn um skráningu nýrrar landeignar

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- 2.5 2112005 - Iðjuvellir 10 - Umsókn um skráningu nýrrar landeignar

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

MA
KJ
HJ
HLA



2.6 2112006 - Skaftá - Viðhald garða með Landbroti

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Skipulagsnefnd vísar annars erindinu til vinnuhóps um endurskoðuna ASK 2020-2032, að náman verði sett inn á ASK uppdrátt við endurskoðun.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2.7 2112007 - Sléttaból - Heimild til niðurrifs húsa

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Skipulagsnefnd samþykkir framvegis að fela skipulags- og byggingarfulltrúa afgreiðslu erinda sem þessa þ.e.a.s "Heimild til niðurrifs mannvirkja".

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2.8 1710004 - Virkjun í Hverfisfljóti

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd felur formanni skipulagsnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúa að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

Z-listinn bendir á rökleysi meirihluta sveitarstjórnar í afstöðu sinni til Hnútuvirkjunar sem kemur meðal annars fram í svörum við innsendum athugasemdum. Z-listinn tekur undir þau viðhorf sem koma fram í athugasemdum og leggur áherslu á að svör við athugasemdum verði lögð fram sem „vilji meirihluta sveitarstjórnar“ en ekki „vilji sveitarstjórnar“ þar sem sveitarstjórn hefur aldrei verið einhuga í þessu máli eins og skýrt hefur komið fram frá byrjun.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. HGÁ og AH taka undir bókun Z-listans sem lögð var fram á fundinum.

2.9 2110006 - Rekstrarleyfi

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd samþykkir að gerð verði óveruleg breyting á skilmálum fyrir frístundabyggð F4 við Hæðargarðsvatn Skaftárhreppi. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa breytinguna skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

BOV
KG
AH
HGÁ
ASK

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afgreiðslu nefndarinnar**

- 2.10 2112009 - Umsókn um skipulagsmal - Br á ASK

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd vísar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun ASK Skaftárhrepps 2020-2032

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afgreiðslu nefndarinnar

- 2.11 2112008 - Færsla á þjóðvegi á Síðu - Ábending

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd vísar erindinu/ábendingunni til vinnuhóps um endurskoðun ASK Skaftárhrepps 2020-2032

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.12 1906004 - Rekstrarleyfi - Efri Ey 2

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 170.fundur

Skipulagsnefnd vísar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun ASK Skaftárhrepps 2020-2032

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afgreiðslu nefndarinnar

Aðrir liðir kynntir sveitarstjórn

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

3. 2110004 - Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2022-2025 - síðari umræða
Sveitarstjóri gerir grein fyrir fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2022-2025 sem verður birt á www.klaustur.is ásamt greinargerð.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 792.895 þús.kr. Þar af skatttekjur 437.004 þús.kr., framlög jöfnunarsjóðs 189.729 þús.kr. og aðrar tekjur 175.692 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 437.004 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 309.061 þús.kr. og afskriftir 27.794 þús.kr. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætlað 17.320 þús.kr í afgang. Fjármagnsliðir verði 11.224 þús.kr. og rekstrarafgangur verði 6.095 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 1.025.576 þús.kr. og þar af handbært fé 61.820 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 419.116 þús.kr. og eigið fé verður 606.460 þús.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 42.572 þús.kr. og afborganir langtímalána verður 16.106 þús.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verður 104.500 þús.kr. Nýtt langtímalán tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 80 millj.kr vegna fjárfestinga ársins.

Áætlun 2023-2025 er uppreiknuð samkvæmt þjóðhagsspá.

Handwritten signature and initials in blue ink.



Áætlun 2023 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarafgangi 25.809 þús.kr.
Áætlun 2024 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarafgangi 25.036 þús.kr.
Áætlun 2025 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarafgangi 30.371 þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2022-2025. Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra, starfsmönnum sveitarfélagsins og öðrum þeim sem komið hafa að gerð fjárhagsáætlunar 2022-2025.

4. 2112011 - Álagningar og gjaldskrár 2022

Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að álagningu gjaldskrár fyrir árið 2022:

Útsvarshlutfall verður 14,52%

Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%

Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%

Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%

Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

Gjalddagar fasteignagjalda 2022 verða 9.

Gjaldskrár sem hækka mv. vísitölu

Gjaldskrá byggingarleyfa og skipulagsmála

Gatnagerðargjöld

Gjaldskrá mótuneytis

Gjaldskrá tónlistarskóla

Gjaldskrá leikskóla

Gjaldskrá slökkviliðs

Óbreyttar gjaldskrár milli ára;

Hunda- og kattahald

Leiga félagsheimila

Íþróttamiðstöð

Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ofangreindar gjaldskrár og álagningar fyrir árið 2022

5. 2110013 - Ytra mat - Kærabær. Svar við umsókn. Menntamálastofnun, tölvupóstur dags. 08.12.2021

Sveitarstjóri sendi inn umsókn til Menntamálastofnunar varðandi ytra mat á Heilsuleikskólanum Kærabæ. Menntamálastofnun getur ekki orðið við beiðninni að þessu sinni.

Sveitarstjórn þakkar Menntamálastofnun fyrir svörin og leggur til að stefnt verði að nýrri umsókn að ári.

Handwritten signatures and initials in blue ink:
KJ
BUC
JAK
HG17
AKK



6. 1904001 - Vinnslutillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2020-2032
Vinnslutillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2020-2032 mun liggja fyrir á næstu dögum.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að koma vinnslutillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi 2020-2032 í forkynningu

7. 1910014 - Formlegar sameiningarviðræður við Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra og Rangárþing ytra
Sveitarstjórnir Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og ytra hafa nú tekið fyrir beiðni sveitarstjórnar Skaftárhrepps um formlegar sameiningarviðræður. Niðurstöður allra sveitarfélaganna voru að hafna beiðninni.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar svörin. Ljóst er að ekki verður af frekari sameiningarviðræðum fram að sveitarstjórnarkosningum 14. maí 2022.

8. 2112012 - Niðurfelling fasteignagjalda 2022. Björgunarsveitin Kyndill, dags. 20.10.2021
Fyrir fundinum liggur erindi frá formanni Björgunarsveitarinnar Kyndils varðandi niðurfellingu á fasteignagjöldum á húsi sveitarinnar að lóðjuvöllum árið 2022.

Sveitarstjórn þakkar erindið. Gert er ráð fyrir styrk til Björgunarsveitarinnar Kyndils árið 2022 í fjárhagsáætlun. Beiðnin er samþykkt samhljóða.

9. 2112013 - Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2022. Stígamót, dags. 03.11.2021
Stígamót óska eftir framlagi til stuðnings starfseminni árið 2022

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið en hefur ekki tök á að styðja við starfsemina að þessu sinni.

10. 2112014 - Stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar. Berggrísinn bs. dags. 22.11.2021
Fyrir fundinum liggur erindi Berggrísans bs þar sem lagt er til við aðildarsveitarfélögin að stofnuð verði húsnæðissjálfsseignarstofnun (hses) um byggingu, og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk. Sjálfsseignarstofnunin mun eiga og annast rekstur íbúðakjarnans, þ.e. húsnæðisins.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að vera aðili að sjálfsseignarstofnun um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir

BVC
H.C.
ADR



fatlað fólk skv. fyrirbyggjandi gögnum.

11. 2006001 - Kjör varaoddvita

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir hefur óskað eftir að láta af starfi varaoddvita.

Bjarki Guðnason leggur til að Jón Hrafn Karlsson verði varaoddviti. Samþykkt af BG, KG og JHK. HGÁ og AH sitja hjá við afgreiðslu málsins.

12. 2106009 - Héraðsnefnd - slit nefndar

Fyrir fundinum liggur fundargerð skiptastjórnar dags. 22. nóvember 2021 vegna slíta á héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu ásamt fundargerð héraðsnefndar dags. 22. nóvember 2021 til samþykktar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögur skiptastjórnar í heild sinni frá 22. nóvember 2021 ásamt framlögðum árshlutareikningi fyrir héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Skaftárhrepps samhljóða fyrir sitt leyti samkomulag vegna Ytri-Skóga. Aðrir liðir ofangreindra fundargerða eru kynntir sveitarstjórn.

13. 2112015 - Fjárhagsáætlanir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2022

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlanirnar fyrir sitt leyti.

14. 2112016 - Starfsmannabúðir á Klaustri. Andri Björgvin Arnþórsson, tölvupóstur dags. 03.12.2021

Bréfitari óskar eftir upplýsingum um áhuga sveitarfélagsins á uppbyggingu starfsmannabúða á Kirkjubæjarklaustri til útleigu í 4-12 mánuði í senn.

Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar málinu áfram til atvinnufulltrúa til frekari vinnslu.

15. 2112017 - Spennistöð á Prestsbakkavelli

Tengivirki Landsnets á Prestsbakkavelli er komið til ára sinna og þarfnast uppfærslu til að hægt sé að tryggja afhendingaröryggi rafmagns í Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar á Landsnet að ráðast í uppbyggingu nýs tengivirkis nú þegar á Prestsbakkavelli til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns í Skaftárhreppi. Sveitarstjóra og oddvita falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Landsnets vegna málsins.

16. 1702024 - Samkomulag um skipti sameigenda jarðarinnar Kirkjubæjarklaustur

KG
BUC
HA
HGÁ
ABX



landnr. 163393

Fyrir fundinum liggja drög að landskiptagerð fyrir jörðina Kirkjubæjarklaustur landr. 163393 ásamt fylgigögnum.

Sveitarstjórn fagnar því að loks sjái fyrir endann á landaskiptum óskipts lands á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir landskiptagerðina fyrir sitt leyti ásamt fylgigögnum með fyrirvara um breytingar og felur sveitarstjóra að undirrita hana fyrir sína hönd.

Fundargerðir til kynningar

17. 1801013 -

575. fundur stjórnar SASS, dags. 05.11.2021

576. fundur stjórnar SASS, dags. 03.12.2021

93. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 11.11.2021

94. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 09.12.2021

Fundur starfshóps búsetukjarna Bergrisans bs., dags. 07.12.2021

215. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 25.11.2021

Aðalfundur SASS, dags. 28. og 29. október 2021 og ályktanir ársþings SASS 2021

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 29. október 2021

Fjallskilanevnd Álfaversafréttar 2021

Aðalfundur Bergrisans bs. dags. 24.11.2021

Fundur stjórnar Skógasafns, dags. 02.12.2021 og fjárhagsáætlun Skógasafns 2022

903. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26.11.2021

3. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands, dags. 04.10.2021

4. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands, dags. 01.11.2021

51. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 23.03.2021

52. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 22.06.2021

53. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 06.08.2021

54. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 22.09.2021

55. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 09.11.2021 og fjárhagsáætlun heimþjónustu 2022

Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 09.11.2021

Fundargerðir kynntar

Annað kynningarefni

18. 1801013 -

Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um fjármálastefnu 2022-2026 og fjárlagafrumvarp ríkisins 2022. SASS, dags. 12.12.2021

HGÞ
Aðst
Kg
RVC
JH



Drög að umsögn um frumvarp til fjárlaga 2022 og tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu 2022-2026. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags.

08.12.2021

Samantekt fyrir fulltrúa sunnlenskra sveitarfélaga frá málstofu 24. nóvember sl. um innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og kynningarglæsur frá málstofu.

Breytt skipulag barnaverndar. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags.

30.11.2021

Minnisblað um endurskoðaða þjóðhagsspá. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 01.12.2021

Skýrsla um starfsemi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu rekstrarárið 2020, dags. júlí 2021

Kynning á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Kirkjugólf.

Umhverfisstofnun, dags. 05.11.2021

Kynnt

Skrifstofa Skaftárhrepps verður lokuð 23., 30. og 31. desember 2021.


Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður miðvikudaginn 12. janúar 2022.

Sveitarstjórn óskar starfsfólki sveitarfélagsins, íbúum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Fundargerð lesin upp og samþykkt


Fundi slitið kl. 17:20.


Arndís Jóhanna Harðardóttir


Bjarki Guðnason


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir


Katrín Gunnarsdóttir


Jón Hrafn Karlsson